

Frá framangreindum 141 kr. ber að draga 5 kr., sem er borgun fyrir lækni- **40**  
hjálp til stúlkunnar áður en Reykjavíkurkaupstaður tók hana til umönnunar, og **31. mars**  
ekki getur talist til löglega veitts fátækrastryks.

Samkvæmt framanskráðu úrskurðast því hjermeð, að Landmannahreppur skuli endurgreiða Reykjavíkurkaupstað 90 kr. 67 a. af umræddum fátækrastryk, en Gnúpverjahreppur vera laus við endurgjaldskröfu frá Reykjavíkurkaupstað í þessu máli.

Þetta er yður hjermeð tjáð til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefnd Landmannahrepps, og ber yður að sjá um, að hin úrskurðaða upphæð verði greidd Reykjavíkurkaupstað án tafar.

**Brjef stjórnarráðsins til landlæknis útaf beiðni um innflutning á áfengu öli til **41****  
**notkunar eftir læknisforskrift. **8. apríl****

Stjórnarráðið hefir í dag ritað dýralækni Magnúsi Einarssyni á þessa leið:

»Með brjefi, dags. 18. jan. þ. á, hafið þjer, herra dýralæknir, skýrt frá því, að löggiltur læknir hafi fyrirskipað konu yðar að brúka áfengt öl, Gl. Carlsberg Lageröl, sjer til styrkingar, en þegar þjer hafið snúið yður til lyfsalans í Reykjavík með lyfseðilinn, hafi hann tjáð yður, að hann gæti ekki útvegað yður öltegun þessa, með því að umsjónarmaður áfengiskaupa telji sjer óheimilt að afgreiða pöntun frá lyfjabúðinni um slíkt öl. Hafið þjer borið yður upp undan þessu og beiðst þess, að stjórnarráðið legði fyrir umsjónarmann áfengiskaupa, að hann sjái um, að lyfsalinn í Reykjavík geti fengið umgetna vörutegund flutta til landsins, svo að þjer getið fengið afgreiðslu á lyfseðli læknisins svo fljótt sem auðið er.

Útaf þessu skal yður hjermeð til vitundar gefið, að eftir skýrslu landlæknis, sem stjórnarráðið verður að byggja á, getur áfengt öl ekki talist meðal læknislyfja nje vína, sem lyfjabúðum sje skylt að hafa til sölu, enda er það ekki tilfært nje ráð fyrir því gjört á gildandi lyfjaskrá, en að eins á þeim drykkjum, er þar standa, má leyfa innflutning samkvæmt 2. gr. laga nr. 44, 30. júlí 1909, um aðflutningsbann á áfengi«.

Þetta er yður, herra landlæknir, til vitundar gefið.

*Skýrsla landlæknis 21. mars 1914.*

Með brjefi, dagsettu 26. f. m., hefir hið háa stjórnarráð sent mjer og beiðst umsagnar minnar um erindi frá Magnúsi dýralækni Einarssyni, dags. 18. jan. þ. á., þar sem hann kvartar yfir því, að hann hafi ekki getað fengið hjer í lyfjabúðinni handa konu sinni áfengt öl, sem læknir hafi ráðlagt henni að brúka. Þessu erindi dýralæknisins fylgdi svo yfirlýsing frá Læknaþjelagi Reykjavíkur, dags. 11. jan. (mun eiga að vera 11. febrúar), þar sem læknaþjelaðið telur sjálf-sagt, »að lyfsalar sjeu gegn borgunartryggingu skyldaðir til að útvega alt það,

**41** sem læknað æskja eftir til lækninga, jafnt öl og vín sem annað, sem ekki fæst 8. apríl utan lyfjabúða hjer á landi«.

Jafnframt beiddist sjónarráðið álits míns um það yfirleitt, hvort sala áfengra drykkja úr lyfjabúð eftir læknisforskrift sje heimil og komi ekki í bága við bannlögín, en ef jeg telji slíka sölu koma í bága við bannlögín, þá að segja álit mitt á því, hvort ekki sje ástæða til að fá konungsúrskurð og gefa út auglýsingu í framhaldi af auglýsingu um hina nýju lyfjaskrá 21. sept. 1908, þar sem það sje með berum orðum tekið fram, að þar sem vínföng ekki lengur geti talist »let tilgængelige« hjer á landi, en hinsvegar sjeu notuð af læknum víðsvegar til lækninga, þá sjeu lyfsalar hjer á landi skyldir til að útvega vín og öl, þá er þess er óskað af löggiltum lækni til lækninga, en um afhending vínfanga frá lyfjabúðum færi að sjálfsgöðu eftir þeim reglum, er landlæknir setur samkv. 8. gr. bannlaganna.

Núgildandi Pharmacopoea Islandica, sem er samhljóða Pharmacopoea Danica 1907, var leidd í lög með auglýsingu 21. sept. 1908, og öllum lyfjabúðum á Íslandi þar með gert að skyldu »að hafa birgðir af öllum þeim læknislyfjum, er tilgreind eru í tjeðri lyfjaskrá« þó svo að lyfsölum utan Reykjavíkur var veitt undanþága frá því að hafa til is (glacies). »Læknislyf, tilgreind í tjeðri lyfjaskrá« er öldungis ótvírætt þau ein, sem talin eru í meginmáli bókarinnar. Þeir hlutir, sem taldir eru og lýst sjerstaklega í meginmáli lyfjaskrárinnar falla nú eftir notkuninni í tvo flokka: 1) efni eða efnablöndur, sem höfð eru að læknislyfi hvert um sig, 2) ýmiskonar efni, sem eingöngu eru notuð við tilbúning samsettu lyfjanna í skránni og nefnd í lýsingu þeirra eða höfð til þeirra rannsókna á lyfjum, sem lyfjaskráin mælir fyrir um. Ýmsum af þessum efnum er nú ekki lýst sjerstaklega í lyfjaskránni (»ere ikke beskrevne i Farmakopeen«), Það eru þau vitanlega, sem átt er við í 21. lið inngangsins. En þar á meðal er nú ekki nema eitt vín — vinum malaga, sem haft er í vinum chinae og v. chinae ferratum. Í næstsiðustu útgáfu (1893) voru tvö vín höfð í samsett lyf (vinum xeres og v. malaga) og skiljanleg saklaus óaðgæsla að í inngangi síðustu útgáfu (1907) stendur »Vine«, þó ekki sje nú eftir nema eitt, sem á þarf að halda til að fullnægja lyfjaskránni — og ekki talin þörf að lýsa því sjerstaklega í henni.

Í 2. gr. laga nr. 44, 30. júlí 1909, er lyfsölum og hjeraðslæknum heimil að »að flytja til landsins vínanda þann og annað áfengi, sem þeim er skylt að hafa til læknisdóma, samkv. hinni almennu lyfjaskrá«. Í 8. gr. sömu laga er svo fyrir skipað, að landlæknir skuli setja reglur um sölu »lyfja þeirra, sem áfengi er í«, og er þar vitanlega átt við vínanda þann og annað áfengi, er lyfsölum og hjeraðslæknum er heimilað að selja samkv. 2. gr., en reglur landlæknis eiga að vera »því til tryggingar, að áfeng lyf verði ekki höfð til neyslu, heldur eingöngu til lækninga«.

Eftir það að lög nr. 26, 11. nóv. 1899, um verslun og veiting áfengra drykkja á Íslandi, komu í gildi, fækkaði áfengissölustöðunum stórum ár frá ári, svo að árið 1906 var áfengi ekki selt nema í 14 verslunarstöðum af um 70 alls. Þar á meðal hætti áfengisverslun á Seyðisfirði (um áramótin 1901—02). En eftir að áfengisverslunin hætti þar hjá kaupmönnum, gerðust allmikil brögð að því, að drykkfeldir menn leitðu ýmsra ráða til þess að fá áfengi keypt í lyfjabúðinni undir því yfiskini, að þeir ætluðu að hafa það sjer til heilsubótar. Aðalráðið var það að fá lyfseðil (forskrift) frá lækni upp á svo og svo mikið af hreinu áfengi, eða öllu heldur einhverjum áfengum drykk, og síðan nota lyfseðilinn upp aftur og aftur og lána hann kunningjunum, því að þá töldu sumir lyfsalar sjer heimilt að láta úti »vínanda og annað áfengi« aftur og aftur eftir sama lyfseðli, án nýrrar áteikunar læknis. Frá þessu var mjer skýrt um það leyti sem jeg tók

við landlæknisembættinu. Og jafnframt barst mjer vitneskja um það frá öðrum lyfjabúðum og ýmsum hjeradslæknum, að þar sem áfengissalan var hætt í verslunarbúðum reyndu margir, sem vanir voru áfengisnautn að ná sjer í vinanda eða Hoffmannsdropa hjá lyfsala eða læknum, einkum fyrst í stað eftir að kaupmenn hættu áfengisverslun. Jafnvel hjer í Reykjavík kvartaði lyfsalinn undan því, að á helgum dögum væri iðulega allmikill átroðningur í lyfjabúðinni af mönnum, sem bæðu um vínföng eða svo og svo mikið af Hoffmannsdropum, bersýnilega til nautnar. Og mjer er líka fullkunnugt um það, að langt fram yfir síðustu aldamót höfðu læknar hjer, jeg og aðrir, oftsinnis átroðning á helgum dögum af ýmsum mönnum, sem vildu ólmir fá »recept upp á eina flösku af portvíni« eða »eina konjaksflösku« o. s. frv.; er ekki enn úti um þá ánauð, það eru ekki nema fáir dagar síðan einn læknir hjer í bænum — eftir eigin sögu sögn — var vakinn upp um miðja nótt af manni, sem virtist vera mjög lítið ölvaður, en kom í þeim erindum að fá »recept upp á einhver spirituosa«.

Nú varð jeg að álíta, þegar þetta mál kom fyrst til mín sem landlæknis, að lausasala á áfengi í stórskömtum í lyfjabúðum og sala áfengra drykkja upp aftur og aftur eftir sama lyfseðli væri með öllu óheimil vegna ákvæða 10. gr. í fyrnefndum lögum 11. nóv. 1899, og fyrir því gaf jeg út umburðarbrjef til lyfsala á Íslandi 24. jan. 1907, þar sem jeg lagði fyrir alla lyfsala að láta af þessari óheimilu sölu og setti reglur um söluna, sem bestu lyfsalar landsins töldu mjög hentugar. En síðan voru gefnar út nákvæmar reglur handa lyfsölum og læknum um sölu á öllum eiturkendum lyfjum, og þar á meðal um sölu á vinanda og öðru áfengi, samhljóða þeim ádurtöldu. Þær reglur er að finna í Auglýsingu landlækis til lyfsala á Íslandi um nýja lyfjaskrá o. fl. 21. okt. 1908 og Auglýsingu landlæknis til lækna á Íslandi um nýja lyfjaskrá, 21. okt. 1908. Þessar reglur hafa komið að miklu liði, og eru svo ítarlegar, að engin þörf hefir verið til þessa á neinum viðbótarákvæðum vegna aðflutningsbannlaganna.

Jeg gæti nefnt mörg dæmi, sem bera þess ljósan vott hversu varasamt það getur verið að hafa áfengra drykki til sölu í lyfjabúðum og hjá læknum, þar sem engin lyfjabúð er, um þær mundir sem verið er að útrýma áfengisversluninni og koma á aðflutningsbanni.

Eins og fyr var sagt tel jeg engan efa á því, að það er öldungis óheimilt eftir bannlögunum að lyfsalar eða læknar flytji til landsins annað áfengi eða aðrar áfengisblöndur en þær, sem upp eru taldar í meginmáli gildandi lyfjaskrár.

Hjer er því á tvent að líta: Annarsvegar er að ihuga hvort aðrar áfengisblöndur, og þá einkanlega ýmiskonar áfengir drykkir, sjeu svo nauðsynlegir til lækninga, að ástæða sje til að bæta þeim, svo og svo mörgum, inn í lyfjaskrána sem lögskipuðum (officinel) læknislyfjum, er öllum lyfsölum beri jafnan að hafa á reiðum höndum. Hinsvegar verður að gå að því, hvort þess konar aðflutningur og sala áfengra drykkja geti orðið til hnekkis tilgangi bannlaganna, eða vanvirðu fyrir læknastjett landsins, þegar bannlögin eru gengin í fult gildi.

Fyrst er þá að ihuga hvort áfengra drykki beri að telja svo nytsama og nauðsynlega til lækninga, að rangt sje að banna aðflutning og sölu til þeirra afnota. Í lyfjaskrá, (Pharmacopoeae) er venja að taka öll þau lyf og lyfjaefni, sem nauðsynlegt þykir að til sjeu í öllum lyfjabúðum, og þá eins þau efni sem öðrum er heimilt að selja og alstaðar eru til, t. d. sykur (saccharum), hindberjasafa (syrupus rubi idaei) kirsuberjalög (syrupus cerasi), kanel (cortex cinnamomi) og matarsalt (chloretum natrium). Þessum skráum er svo breytt á fárra ára fresti, úrelt lyf og efni, sem reynslan hefir dæmt óþörf, eru þá numin burt, en nýfundnum gagnlegum lyfjum bætt við, þó svo í öllum löndum, sem eg þekki til, að menn eru mjög fastheldnir við það gamla, ýms gömul lyf látin standa, þó ónýt sjeu

**41** talin, en á hinn bóginn seinir til nýjunga, svo að ný lyf eru oftast ekki tekin í 8. apríl. lyfjaskrár fyrir en allöngu eftir að gagnsemi þeirra þykir fullsönnuð.

Það er nú kunnugt að fyrir á tímum höfðu menn þá trú, að ýmsir áfengir drykkir hefðu aðra og meiri lækningarverkun en álíka sterk blanda af hreinu áfengi og hreinu vatni með einhverjum algengum smekkbæti. Þess vegna var líka haldið að ýms lyf hefðu meiri verkun, ef þau væru leyst upp í *víni*, en ekki bara í þyntum vínanda. Í Pharmacopoea Danica 1868 eru t. d. 7 vina medicata; í næstu útgáfu, 1893, eru þau 4, og í síðustu útgáfu eru ekki eftir nema 2, og bæði litid sem ekkert notuð hjer á landi. Nákvæmar efnarannsóknir hafa sem sje leitt í ljós, að það er áfengið eitt sem um er að ræða. *Afengi* (æthylalkohol) er læknislyf. Mörg eiturkend efni, sem þarflaus eru og meira eða minna óholl fyrir heilbrigðar manneskjur, geta verið gagnleg ýmsum sjúkum manneskjum, eru nýtileg læknislyf, þar á meðal er áfengi. En þegar um lyf er að ræða, varðar mestu fyrir almenning að lyfjaefnin sjeu hrein og ósvikin, og þó svo ódýr sem verða má. Þess vegna er hreinn og ómengaður vínandi tekinn í allar lyfjaskrár, en ekki konjak, romm eða whisky, portvín, sherry o. s. frv. Í þessum drykkjum eru engin sjerstök, fágæt mikilsverð efni, önnur en áfengi, en hins vegar alknunugt að megnið af þesskonar áfengum drykkjum (vínnum og »brennivínnum») er alt annað en það er sagt að vera, t. d. minst af vínunum ósvikin drúfuvín, mestur varningurinn samsull af misjafnlega hreinu áfengi, sykurefnum, litarefnum og jurtabráð (ætherolea) o. s. frv. Hinsvegar er ofur auðvelt að þynna hreint áfengi eftir þörfum með hreinu vatni og smekkbæta blönduna á ýmsan hátt með margskonar saklausum efnum, sem til eru í hverri lyfjabúð, svo að áfengislyfið verður gómtamara en flest önnur bragðmikil lyf, en jafnframt miklu ódýrara en vínföng, og örugt um að engin skaðleg efni sje þar að óttast. Þess vegna eru þessir almennu áfengu drykkir, portvín, sherry, whisky o. s. frv. ekki teknir í lyfjaskrár, þó að þar sjeu tekin, eins og áður var sagt, enn algengari efni eins og sykur og matarsalt. Þess vegna er það síður í sjúkrahúsum, að vín er ekki talin með lyfjum, en sjerstök borgun heimtuð fyrir þau. Þess vegna er landssjóði ekki skylt að borga vínföng handa sjúklingum, sem hann á að kosta eftir fátækralögunum, en nauðsynleg *lyf* eru vitanlega goldin, eins þó þau sjeu ólöggit, ef það sannast að þau hafi verið nauðsynleg. Þess vegna er það líka að jeg hefi *ekki* fundið vínföng í flestum lyfjabúðum hjeradslækna hjer á landi, þeir hafa með rjettu ekki talið nauðsynlegt að hafa áfenga drykki til handa sjúklingum, og ekki fremur fyrir því, þó áfengissölu hafi verið hætt í hjeradinu og langt að ná í það.

Á árunum 1908—1911 heimsótti jeg 38 hjeradslækna, sem höfðu á hendi lyfsölu, skoðaði og skrifaði upp alt sem þeir höfðu af lögboðnum lyfjum og ólögboðnum, og rannsakaði þá líka hvaða vínföng þeir hefðu til, ætluð sjúklingum. Þessa rannsókn gerði jeg í því skyni að sjá hvaða lyf lækarnir sjálfir teldu sjer nauðsynlegt að hafa, með því að aldrei hafði verið tiltekið hvaða lögboðin lyf yrði að telja svo nauðsynleg, að heimta bæri af öllum hjeradslæknum að þeir hefðu þau jafnan til.

Í vorri nógildandi lyfjaskrá kennir t. d. margra grasa, sem telja verður öldungis óþörf, en haldið hefir verið af gömlum vana. Af þeim 469 hlutum, sem þar standa, eru 47 svo úreltir, að jeg fann þá ekki hjá nokkrum lækni, sem lyf selur, og aðrir 34 fundust hver um sig aðeins hjá einum lækni, og þeir jafn óþarfir; þar fyrir utan sá jeg allmörg en önnur gömul lyf hjá ýmsum læknum, sem þeir sögðust aldrei nota, en standa í lyfjaskránni. Þegar að því kemur að löggleiða nýja íslenska lyfjaskrá, myndi mega sleppa mörgu, óþarft að elta allar gamlar erlendrar venjur. Þess vegna varð niðurstaðan sú, þegar rannsókn minni var lokið, að

af 469 hlutum, sem standa í lyfjaskránni, urðu ekki nema 247 taldir svo nauðsynlegir, að öllum hjeraðslæknum, sem lyf selja, bæri jafnan að hafa þá til, sbr. 8. apríl. nógildandi lyfsöluskrá. **41**

Af þeim 38 hjeraðslæknum, sem nefndir voru, höfðu 9 til eitthvert vín, allmargir þó mjög lítið, nema helst einn; hann hafði þrent, vinum oporto, v. xeres, v. malaga. Sá læknir er nú ekki lengur í embætti; aldrei hefir hann verið drykkfeldur. Af hinum 8, hafði einn v. xeres og v. gallicum rubrum, annar v. xeres og v. oporto, 3 höfðu v. oporto eitt, aðrir 3 v. xeres, eitt og í því skyni eingöngu að leysa í því fáein eiturlyf (úrelt v. medicata), þar sem í nógildandi lyfjaskrá er hafður vínandi í stað vins. Enginn af hinum 6 kvaðst þó hafa vín handa sjúklingum svo neinu næmi. Af þessum 9 læknum eru 8 mestu reglumenn, sumir bindindismenn, flestir rosknir, 5 lokið læknaþrófi fyrir 1893, aðeins einn eftir aldamót (sá sem frá er farinn). Í 2 af þessum hjeruðum voru kaupmenn ekki hættir áfengisverslun; í hinum 7 var þeirri verslun lokið.

29 af 38 hjeraðslæknum höfðu alls engin vín og kváðust ekki vanir að hafa handa sjúklingum. Í 25 af þessum 29 hjeruðum var engin áfengisverslun. Hinsvegar höfðu allir þessir 38 læknar ómengaðan vínanda; hjá 34 var til spiritus concentratus; hjá 4 var hann uppgenginn þegar skoðað var, en til var spirit. dilutus.

Eftir þessa ítarlegu rannsókn mína og viðtal við hjeraðslækna landsins, er mjer því fullljóst, að þeir mundu flestir, ef ekki allir, telja það furðulega fásinnu, ef þeir fengju þau boð, að ýmiskonar áfengir drykkir, portvín, sherry, whisky, konjak, romm o. s. frv. væru ómissandi læknisdómar, sem þeim bæri öllum að hafa til handa sjúklingum.

En það, sem ekki er nauðsynlegt handa sjúklingum upp í sveit, er ekki fremur nauðsynlegt handa sjúklingum í þeim 6 kaupstöðum landsins þar sem nú eru lyfjabúðir.

Hjer er ekki nema um tvent að tala. Annaðhvort eru þessir áfengu drykkir *nauðsynlegir* til lækninga, og þá yrði að heimta að allir hjeraðslæknar í öllum hjeruðum landsins, þar sem ekki eru lyfjabúðir, hefðu til einhverjar birgðir af þeim meðal annara læknisdóma, þá væri alls ekki nóg að hafa þá bara til í þessum 6 lyfjabúðum, sem nú eru á landi hjer. En sjeu áfengu drykkirnir *ekki nauðsynlegir* í landinu vegna sjúklinga, sjeu þeir ónauðsynlegir til þeirra afnota, þá er líka ónauðsynlegt að bæta þeim inn í löggilta lyfjaskrá landsins, og jafnframt mjög óhyggilegt nú um þessar mundir, meðan verið er að koma á aðflutningsbanni og sölubanni.

Hjer hefir verið rætt um vín og »brennivín«. Þá er eftir ein tegund áfengra drykkja, sem minnst verður á sjerstaklega; það eru *ölföngin*. Þau eru að ýmsu leyti mjög frábrugðin öðrum áfengum drykkjum. Í mörgum góðum öltegundum eru auk áfengisins önnur markverð efni, þannig blönduð, að drykkurinn geti verið til hollustu bæði fyrir heilbrigða og sjúka og áhættulaust, ef ekki er mjög mikið áfengi í honum. Nú er farið að brugga alls konar öl með tvennu móti: 1) Þannig, að í því verði allmikið af áfengi svo og svo mörg % upp í 7—8%; það er gamla lagið. 2) Hinsvegar eru nú víða bruggaðar þær sömu öltegundir og áður, en með þeim mun, að í þeim er ávalt mjög lítið áfengi, ekki yfir 2 $\frac{1}{4}$ %. Þessar áfengislitlu öltegundir ryðja sjer nú óðfluga til rúms í öðrum löndum og útrýma meir og meir gamla áfenga ölinu. Nú er alfrjáls hjer á landi aðflutningur og sala á öllum þessum nýju og ágætu áfengislitlu (óáfengu) öltegundum. Er enginn verulegur munur á þeim og gömlu ölföngunum annar en þessi áfengismunur. Það er því síður en svo, að sjúklingar eigi erfitt með að afla sjer ölfanga sjer til heilsubótar. Og komi það fyrir að einhverjum lækni

**41** þyki það að, að ölið sem fæst, sje ekki nógu áfengt handa einhverjum sjúkling, þá er ofurauðvelt fyrir hann að útvega sjúklingnum vinanda úr lyfjabúð (há lyfsala eða lækni, sem lyfsölu hefir) til að bæta í ölið, og gera óáfenga ölið að áfengu öli. Það er því öldungis ástæðulaust að kvarta undan ölskortri handa sjúklingum.

Undanfarna áratugi hefir áfengisnautnin verið athuguð ítarlega í flestum menningarlöndum og reynt á ýmsan hátt að sporna við henni. Og jafnframt hafa lífeðlisfræðingar og læknar gert margvíslegar rannsóknir á verkunum áfengis og áfengra drykkja á heilbrigðar manneskjur og sjúklinga. Útkoman er sú, að áfengi er nú í miklu minni metum en áður sem læknislyf. Allar gamlar og nýjar kenslubækur í læknisfræði bera þess órækan vott, ef saman eru bornar.

En öll fræði eru öfgum blandin, ekki sist ef tilfinningar manna komast svo í spilið, að deiluatríðin verða að kappsmálum, að æsingamálum, og það hafa þau orðið hjer og víðar, þar sem áfengi er annarsvegur. Það eru til læknar, sem telja vinanda allsendis óþarft og gagnslaut læknislyf, vilja ekki hafa hann til inntöku handa neinum sjúkling, á neinn hátt, við neinum sjúkdómi; og það eru hinsvegur til læknar, sem telja vinanda eitt það ágætasta læknislyf, og ómissandi til styrkingar öllu veikluðu fólki, og halda því enn fram þar að auki, að ýmsir áfengir drykkir hafi *sjerstakan* mikilsverðan lækningarkraft.

Þetta eru öfgarnar; þær fyrnefndu eru venjulega sprotnar af bannlaga-ákefð, þær síðarnefndu af bannlagaóbeiti.

Og ekki er fremur vit í þeirri nýstárlegu kröfu, að hverju lækningaleyfi (*venia practicandi*) eigi að fylgja undanþága frá öllum nauðsynlegum fyrirskipunum um bann gegn aðflutningi á ýmiskonar varningi, og fullur húsbóndarjettur yfir öllum lyfsölum, svo að hver sá, er fær fult lækningaleyfi, eigi heimtingu á því, að lyfsali útvegi honum hvern þann hlut milli himins og jarðar, sem nöfnunum tjáir að nefna, og ekki fæst í búðunum, ef bara læknirinn segist ætla að hafa það handa sjúkling, honum til heilsubótar.

Mitt á milli öfganna er að finna þá einu skynsamlegu ályktun, sem dregin verður af nútíðarþekkingu manna á áfengi og áfengum drykkjum, og hún er þessi:

Áfengi (æthylalkohol) er í ýmsum tilfellum einkar gagnlegt læknislyf og á að vera til í hverri lyfjaverslun. En allir þeir margvíslegu »áfengu drykkir«, sem nú er bannað að flytja hingað til landsins, eru *ekki* nauðsynlegir handa sjúklingum, og þess vegna er að mínum dómi alls engin þörf á því að bæta neinum þeirra inn í lyfjaskrá landsins. Það er ekki að mínum ráðum heldur móti þeim, að nokkrum áfengum drykkjum er enn haldið aftast í lyfsöluskránni, þó að þeir eigi ekki heima í lyfjaskránni.

Hitt er annað mál, að til eru einstaka ólöggt lyf, sem eitthvert áfengi er í (lyfið leyst upp í vinanda). Hefir ekki verið álitid að aðflutningur þeirra kæmi í bága við bannlögin og fráleitt hefir það verið tilætlunin að banna aðflutning neinna gagnlegra *lyfja*. Að þessu leyti mætti segja að lögin sjeu athuga-verð. Eftir orðalagi þeirra er ekki heimilt að flytja hingað ólöggt lyf, sem áfengi er í. Um það atríði mun jeg eftir nánari ihugun gera sjerstakar tillögur, ef þurfa þykir. Annars er vert að geta þess, að lyfsalarnir eru jafnan reiðubúnir til að útvega læknum hvers konar ólöggt lyf; þess þarf *ekki* að krefjast, og annað á *ekki* að heimta af þeim fram yfir lyfjaskrána. Nú er til mesti sægur af ólöggtum lyfjum, en *mjög fá* að tiltölu sem áfengi er í. Hjer í lyfjabúðinni eru t. d. fyrirliggjandi ólöggt lyf svo hundruðum skiftir. Lyfsalinn í Reykjavík hefir látið mjer í tje skrá yfir ólöggt lyf, sem læknar hafa beiðst eftir undanfarin ár og önnur þau, sem til eru frá fyrri tíð. Ýms af þessum lyfj-

um eru nú ekkert notuð, mörg mjög lítið. Þau eru samtals um 300. Áfengi er 41 í 3 (Tinctura gentianae chirettae, tinct. ferri Ahrenstedt, vinum sagraadae) og 8. apríl þau öll lítið eða ekkert notuð. Í hinum er ekkert áfengi nema lítið eitt í 4 eða 5 jurtaþyknum (extracta), sumum úreltum (hafa áður staðið í lyfjaskránni).

Á hverju ári kunngerá lyfjabruggarar og læknar urmul af nýjum lyfjum og senda lofgerðir um þau út um allan læknaheim. Flestar þessar óteljandi lyfjanýjungar eru þýskar og flestar hafa þær fallið fyrir reynslunni í óálit eða gleymsku. En ýms nýju lyfin hafa þó reynst nýtileg og óhætt að segja, að þau ólöggit lyf, sem læknar nota alment, skifti hundruðum; eru mörg af þeim einkar nytsöm, sum enda ómissandi og verða vafalaust smásaman tekin upp í allar löggiltar lyfjaskrár.

Það er nú eftirtektarvert að *örfa* að tiltölu af þessum aragrúa nýrra lyfja eru vinandablandin. Vinandi er *miklu* algengari í gömlu lyfjunum.

Í vorri lyfjaskrá standa samtals 469 »simplicia« og »composita«. Þar er vinanda að hitta á 66 stöðum, telst mjer, af 469. Þar eru yfir 50 samsett inn-tökulyf, sem vinandi er í, en langoftast til þess eins að leysa sundur efni, sem ekki renna í vatni (30 tincturae o. fl.).

Vinum chinae og v. chinae ferratum eru að heita má einu samsettu lyfin í lyfjaskránni, þar sem ætlast er til að vinandinn sjálfur hafi *sina* verkun. En þessi tvö vina medicata — þau einu, sem lyfjaskráin hefir — eru nú lítið sem ekkert notuð.

Þess var áður getið, að áfengi hefir á þessari öld fallið stórum í álitu sem læknislyf, fyrir ítarlegar rannsóknir á verkunum þess. Og þegar það nú er notað, þá eru það ekki lengur þau fornfrægu vina og vina medicata, sem valin eru af læknum yfirleitt handa öllum þorra sjúkra manna, heldur langoftast kryddaður þyntur vinandi, eða vinandablandin styrkingarlyf, sem setja má saman á margvíslegan hátt, hentugan og fullljúffengan í hverri lyfjabúð, eins hjer sem annarsstaðar, nú sem áður. Flestum *læknum* er orðið ljóst, að þesskonar einföld áfengislyf eru *alveg eins gagnleg* eins og vinin og »brennivínin« (konjak o. s. frv.) handa sjúklingum — hverjum sem er, og hafa það fram yfir, að verðið er oftast miklu lægra og engin svik að óttast.

Bannlögin svifta því ekki lækna eða sjúklinga neinni *naudsyn*. Handa sjúklingum geta læknar, eftir sem áður, fengið áfengi eftir *þörfum*, hreinan og ómengaðan vinanda og hvers konar *naudsynleg* ölföng.

Og það er orðið langt síðan að læknar ljetu af þeirri hjátrú, að ýms vin væru sjerstök læknislyf. Í formálanum að Pharmacopoea Danica, editio secunda, 1868, er þess t. d. getið, að ýmsu sje slept úr lyfjaskránni, þó haft sje handa sjúklingum, sumu af því að það sje alkunnugt eða litilsvert, en öðru aftur af því, að þau sjeu ekki *lyf* (medicamenta), en að eins höfð við tilbúning nokkurra lyfja, t. d. mjólk, vín, nýir ávextir, bómull, viðarkol, klórkalk o. fl. (alia non sint medicamenta, sed in medicamentis nonnullis parandis adhibeantur, cujus generis sunt lac, vinum, fructus recentes, gossypium, carbones lignei, chloretum calcicum, alia.). Þetta er mjög eftirtektarvert, því að í næstu útgáfu þar á undan, Pharmacopoea Danica 1850, eru ýms vin að gömlum síð kölluð medicamenta og höfð þar í upptalningu fremst í bókinni á »medicamenta simplicia et praeparata, quae extra pharmacopolia venalia sunt«. Á eftir þessari upptalningu (pars prior) kemur svo aðallyfjaskráin »pars posterior, praeparata officinarum continens«.

Þó að læknum sje orðið þetta ljóst fyrir löngu, þá er ofur eðlilegt að ýmsir trúir enn — eða látist trúu — á töframátt sherrys-ins, konjaks-ins og Gamla Karlsbergsins — kalli portvínið *meðal* og »Lagerölið« *lyf* — haldi sumir enn að

**41** hver af þeim gamalkunnu áfengu drykkjum sje sjerstakt ómissandi læknislyf,  
**8. apríl** eins konar leyndardómsfullur lífselixír, sem ekkert geti jafnast við móti þeim og þeim sjúkdómi. Það er ekki langt síðan að roskinn maður og ráðsettur kom til mín fulltrúa um það, að til væri vín, sem læknaði geðveiki, og kvartaði yfir að geta hjer hvergi fengið þetta töfravín, hafði nafnið uppskrifað: Lacrima Christi.

Það er eðlilegt að talsvert eimi eftir af ýmsum þess konar hjeiljum, víntrú og öl-kreddum.

En það er ekki eðlilegt að löggjöf þjóðarinnar sje hagað eftir þeim kreddum.

Og — svo jeg víki að hinu atriðinu, læknastrjettinni — þá er fljótsagt, að jeg mundi telja það hið mesta óheillaráð, að ætla öllum lyfsölum og hjeraðslæknum, sem lyf selja, að »panta« eða hafa til »handa sjúklingum« ýmiskonar áfenga drykki, eftir að bannlögin eru gengin í fult gildi. Jeg ræð eindregið frá því að lyfsalar og hjeraðslækna sjeu leiddir í þann þarflausa vanda, sem engar landlæknisreglur um sölnu myndu geta ráðið fram úr, svo að ekki hlytist af sífeld misklið og þaðan af verri vandræði. Í þá áttina benda ótvírætt þær fáu kvartanir sem komið hafa um vöntun á áfengum drykkjum handa sjúklingum.

Fyrir því legg jeg til að kærnu Magnúsar Einarssonar dýralækna verði ekki sint.

Jeg hefi álitíð nauðsynlegt að skýra þetta mál ítarlega af því að jeg tel það mjög mikilsvert fyrir heilbrigðishagi þjóðarinnar og læknastrjett landsins.

**42** **Brjef stjórnaarráðsins til sýslumannsins í Húnavatnssýslu um sveitfesti þurfa-**  
**15. apríl** **lings og endurgjald á sveitarstyrk.**

Hreppsnefndin í Þverárhreppi í Húnavatnssýslu hefir áfrýjað til stjórnaarráðsins úrskurði yðar, herra sýslumaður, dags. 20. oktbr. f. á., sem ákveður að Jónas nokkur Benjaminsson skuli teljast sveitlægur í nefndum hreppi, og að þeim hreppi beri að endurgjalda Hólshreppi í Ísafjarðarsýslu 84 kr. 52 a. af sveitarstyrk veittum þar nefndum þurfallingi.

Eftir því, sem fyrir liggur í málinu, beiddist Jónas þessi sveitarstyrks í Hólshreppi 14. jan. f. á. og var honum þá þegar veittur 40 kr. styrkur. Styrkveiting þessa tilkynnti hreppsnefndin þá sýslumanni og beiddist að útveguð væri yfirlýsing Þverárhrepps um sveitfestina. Á sveitfestisviðurkenningunni varð þó bið af hálfu Þverárhrepps, bæði vegna þess að hreppsnefndin dróg í efa, að hreppurinn væri rjettilega talinn fæðingarsveit Jónasar, og svo af því að hún taldi ekki örvænt að Jónas hefði unnið sjer sveit í Hólshreppi. Hreppsnefnd Þverárhrepps viðurkendi að visu síðar, að sá hreppur væri fæðingarhreppur Jónasar, en heldur því fram, að eigi sje sannað, að hann hafi ekki unnið sjer sveit í Hólshreppi, en sönnunarskyldan á þessu atriði verður að hvíla á fæðingarsveitinni, enda eigi svofeldar líkur færðar fyrir þessu af hálfu Þverárhrepps, að sönnunarskyldan verði talin eiga að flytjast yfir á Hólshrepp. Úrskurð yðar verður því að telja rjettan að því er til sveitfestinnar kemur.

Eins og á undan segir varð dráttur á sveitfestisviðurkenningunni frá Þverárhreppi, og sendir þá Hólshreppur sýslumanni hinn 6. júní f. á. reikninga